


Hansína Jensdóttir – Skúlpúr, vír, 1986.



Hansína Jensdóttir – Tveir skúlpúrar, vír & bl. efni, 1986.

Búr fyrir drauma

Skúlpúrar Hansínu Jensdóttur að Kjarvalsstöðum

Meðan menn hafa verið önnur kafnir að fylgjast með því sem hefur verið að gerast í „nýja“ málverkinu og öðru málverki á Íslandi hefur mikill uppgangur í hérlandum skúlpúr farið fyrir ofan garð og neðan hjá flestum. Þessi skúlpúr er eins fjölbreytilegur og listamennirnir sjálfir, sjá keramikskúlpúra Rósu Gísladóttur, Sóleyjar Eiríksdóttur, Borghildar Óskarsdóttur og Guðnýjar Magnúsdóttur, forynjur/maskínur Brynhildar

Dorgeirsdóttur, steinhögg Páls Guðmundssonar, samsett verk Jóns Sigurpálssonar, konseptskúlpúra Ingólfs Arnar Arnarsonar, samtíning Kristins G. Harðarsonar, trélagmyndir Huldu Hákonardóttur, primitífa hausa Gunnars Arnar, steinsteypur Ívars Valgarðssonar, figúratífar samsetningar Steinunnar Þórarinsdóttur og konstruktífar stemmur Ólafs Sveins Gíslasonar – og eru þá ekki allir markverðir þrívíddarlistamenn af yngri kynslóð upp taldir.

Hansína Jensdóttir er enn ein greinin á þessum gróskumikla meiði. Hún á ekki langt að sækja listfengi sitt því faðir hennar, Jens Guðjónsson, er þekktur töframaður á sviði góðmálma og undir handarjaðri hans hefur Hansína eflaust þróað með sér bæði formskyn og verksvit.

Í framhaldi af því er óneitanlega freistandi að sjá í virkum hennar tengsl við hefðbundið íslenskt víravirki en það er sennilega óskhyggja.

Byggingarsnið

Hansína var við framhaldsnám í Calgary í Kanada, fyrst íslenskra listamanna, að ég best veit.

Ekki veit ég hvers konar skúlpúr þeir ástunda í Kanada en verk Hansínu grundvallast á haglegri samræmingu þriggja meginþátta í nútímaskúlpúr, nefnilega naumhyggju, konstruktífisma og súrrealískri mynd-sýn.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Notkun hennar á stórum, gjarnan endurteknum „frum“-einingum sver sig í ætt við naumhyggjuna (mínimalismann) en sjálf samsetning verkanna er með byggingarsniði konstruktífismans með alla parta afhjúpaða og samsuðuna sömuleiðis.

Mörg verk Gerðar Helgadóttur eru einmitt af þessari sömu konstruktífisku fjölskyldu.

En þótt skúlpúrar Hansínu virðist við fyrstu sýn vera einföld og kórreft afstraktverk er ekki allt sem sýnist. Ekki þarf mikið ímyndunarafl eða tilfærslur á sjónarhorni til að greina í þeim beinar og óbeinar tilvísanir í dularfullar byggingar: turnleikhús, dýflissur, hof eða bara húsin í draumi okkar allra.

Þar með eru mörg þessara verka beint framhald á skúlpúr-húsum þeim sem Hansína hefur unnið í góðmálma.

Húsagerðarlist af þessu tagi má hæglega rekja til súrrealista, sem byggðu borgarvirki og hallir í landslagi drauma sinna, sjá til dæmis de Chirico og Giacometti.

Kröftug nánd


En það verður að segja Hansínu til hróss að hún hamrar sjaldan á þessu byggingalega líkingamáli heldur lætur hún sérþarfir skúlpúrsins ganga fyrir, hrynjandi þráðanna í rýminu og samstillingu meginþátta.

Öll þessi atriði ganga á endanum upp í hinum loftbornu skúlpúrum Hansínu, þessum búrum fyrir drauma, gefa þeim nauðsynlegt margræði og kröftuga nánd.

Ekki þykir mér verk Hansínu fara sérlega vel á göngum Kjarvalsstaða. Það er engu líkara en skenislegir veggirnir og gólfisarnar éti þau með húð og hári nema þau sem standa á stöllum.

Sömuleiðis er greinilegt að bláklæddur skúlpúr fremst í ganginum, sá hinn sami og var á afstraktsýningunni, þarfnast meiri lofthæðar.

En hér er vel af stað farið, vonandi verður framhaldið eftir því.



Kjörbók Landsbankans - Góð bók fyrir bjarta framtíð

Landsbanki Islands
Banki allra landsmanna